

## Reglugjörð

50

23. marz

fyrir Eyjafjarðarsýslu um lækningu hunda af bandormum o. fl.

### 1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skal byggja hæfilega marga hundalækningakofa, og skal tvisvar á ári í apríl og nóvember hreinsa alla hunda, 6 mánaða og eldri, af bandormum. Skulu hundarnir fyrst sveltir inni í kofunum 16 klukkutíma, og því næst gefið inn 5—8 grömm af Areka eða Kamaladupti; því næst líði minnst 8 klukkutímar þangað til hundunum er sleppt út. Verki meðalið ekki, skal endurtaka inngjöfina. Allan saur skal brenna, eða grafa vandlega í jörð niður.

### 2. gr.

Hreppsnefndin annast um, að nægilega margir lækningamenn sjeu kosnir í hverjum hreppi, og hafa þeir heimild til að heimta hundana á ákveðnum tíma, og framkvæma þeir svo lækninguna eptir fyrirmælum 1. gr., og getur enginn sem ekki er öðrum háður, skorazt undan kosningu í 3 ár í senn.

### 3. gr.

Allan kostnað sem af lækningum leiðir, svo sem byggingu kofanna og viðhaldi þeirra, meðalakaupum, og sömuleiðis þóknun til lækningamanna, allt að 35 aurum fyrir hvern hund, skal greiða úr sveitarsjóði. Hreppsnefnd sjer um að meðulin sjeu keypt í tæka tíð og afhent lækningamönnum.

### 4. gr.

Alla hunda skal auðkenna með leður- eða málmhálsbandi með merki á, er sýni glögg, hvert heimili hundsins er. Ómerktir hundar, sem ekki finnast eigendur að eptir 14 daga, skulu rjettðræpir.

### 5. gr.

Árlega skal senda sýslunefndinni ítarlegar skýrslur um lækningarnar og árangur þeirra eptir formi því er sýslunefndin býr til. Skýrslan sje útfyllt og undirskrifuð af lækningamönnum.

### 6. gr.

Á hverju hreppþingi skulu hreppstjórar og hreppsnefndir brýna fyrir mönnum að brenna alla sulli úr sauðfje og nautgripum, og varast að hundar nái í matarílát eða vatnsílát o. s. frv.

### 7. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varðar 2—10 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð. Mál, er rísa út af brotum á reglugjörð þessari, skulu rekin sem opinber lögreglumál.

### 8. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi felld reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu um lækning hunda af bandormum o. fl. 26. marz 1897 og viðauki við hana 25. marz 1901.

Framanritaða reglugjörð hefir sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu samið og

**50** samþykkt á aðalfundi sínum 10–14. þ. m. og birtist hún hjer með öllum hlut-  
23. marz aðeigendum til eftirbreytni.

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, Akureyri 23. marz 1903.

*Kl. Jónsson.*

**Sýnishorn.**

## Skýrsla

um hundalækningar í N. N. hreppi í apríl 190..

Heimili.	Eru margir hundar á heimilinu?	Var mörgum hundum gefið inn?	Á hve marga verkaði meðalið?	Komu bandormar úr mörgum þeirra?	Hvaða dag fór lækningin fram?	Er hundurinn merktur samkvæmt reglugjörðinni?	Athugasemdir.

## Samþykkt

fyrir Húnavatossýslu austan Blöndu um kynbætur hrossa.

**51**  
17. apríl

1. gr.  
Á hausthreppaskilum ár hvert skal hreppstjóri í hverjum hreppi sýslunnar annast um, að kosin sje 3 manna nefnd, er hafi nákvæmt eptirlit með kynbótum hesta, samkvæmt reglum þeim, sem hjer eru settar.

2. gr.  
Kosningarrjett og kjörgengi til nefndar þessarar hefir hver sá maður í hreppnum, sem ekki er öðrum háður sem hjú, og er hann skyldur til að taka á móti kosningu 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu jafn-langan tíma.

3. gr.  
Nefnd þessi skal eiga með sjer að minnsta kosti 2 fundi á ári, annan að vorinu, en binn að haustinu. Á haustfundi kjósa nefndarmenn sjer formann, er kallar saman fundi og stýrir gjörðum nefndarinnar. Nefndarmenn eiga heimting á að fá úr sjeitarsjóði endurgjald fyrir það, sem þeir verða að borga út vegna fundarhalda þessara, svo og fyrir ritföng.

4. gr.  
Nefnd þessari skal heimilt að kveðja eigendur hrossa til þess, að koma með hryssur sínar og graðfola, er nefndin hefir óskað eptir, til sýnis á hentuga staði í hreppnum, og skal hún þá velja kynbótahryssur og fola svo marga, sem hún álitur þurfa í hreppnum.

5. gr.  
Fyrir lok árs hvers sendir kynbótanefndin sýslunefndarmanninum í hreppi